

Sent með tölvupósti

Reykjavík, 16. október 2022

Alþingi
Atvinnuveganefnd
b.t. Stefán Vagn Stefánsson, formaður

Efni: Umsögn til atvinnuveganefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi), 53. mál, 153. löggjafarþing.

Frumvarp þetta er nú lagt fram í þriðja sinn. Vekur nokkra furðu að það skuli koma fram að þessu sinni þar sem 3. ágúst sl. tók gildi reglugerð nr. 900/2022 um blóðtöku úr fylfullum hryssum. Verður að telja að með reglugerð þeirri hafi verið sett ítarleg viðmið um framkvæmd blóðtökunnar þannig að fyllstu og ítrustu kröfur um dýravelferð séu uppfylltar.

Vilja samtökin jafnframt benda á, eins og gert hefur verið í fyrri umræðum um málið og tengd mál, að greinin er mikilvæg atvinnugrein til sveita sem veltir um 2 milljörðum króna á ársgrundvelli. Telja samtökin að bann það sem boðað er með frumvarpi þessu væri gróf aðför að atvinnufrelsi enda engar þær aðstæður til staðar að þörf sé á slíku banni.

Með vísan til framangreinds, og fyrri umsagna um málið auk umsagnar um drög að reglugerð nr. 900/2022, leggjast Bændasamtök Íslands alfarið gegn samþykkt frumvarps þessa.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur